

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2017

2018/EES/78/01

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 359/2014 frá 9. apríl 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr. ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2014 frá 13. maí 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar innflutningsskilyrði og skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr. ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014 frá 13. júní 2014 um fyrirmynd að vottorði fyrir viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verzlun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafli I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við í 115. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004) í hluta 1.2:
„– **32014 R 0359**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 359/2014 frá 9. apríl 2014 (Stjútíð. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 10),
– **32014 R 0494**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2014 frá 13. maí 2014 (Stjútíð. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 11).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 150. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013) í hluta 1.2:
„151. **32014 R 0636**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014 frá 13. júní 2014 um fyrirmynd að vottorði fyrir viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr (Stjútíð. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 11.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 16.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2014/359, (ESB) nr. 2014/494 og (ESB) nr. 2014/636, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.